

**Til sýslumannsins**

Erindið á að berast sýslumanni í því umdæmi sem barn býr.

Tilgreinið foreldra og barn / börn sem erindið varðar:

Foreldri:		
Fullt nafn:	Kennitala:	Sími:
Lögheimili (gata/bær):	Netfang:	
Staður:	Póstnúmer:	Sveitarfélag:

Foreldri:		
Fullt nafn:	Kennitala:	Sími:
Lögheimili (gata/bær):	Netfang:	
Staður:	Póstnúmer:	Sveitarfélag:

Barn / Börn undir 18 ára aldri sem beiðnin varðar:		
Nafn barns:	Kennitala	Barnið er með lögheimili hjá: Barnið er með búsetuheimili hjá:
Nafn barns:	Kennitala	Barnið er með lögheimili hjá: Barnið er með búsetuheimili hjá:
Nafn barns:	Kennitala	Barnið er með lögheimili hjá: Barnið er með búsetuheimili hjá:
Nafn barns:	Kennitala	Barnið er með lögheimili hjá: Barnið er með búsetuheimili hjá:

Brottfall skiptrar búsetu:

Ef foreldri telur að forsendur samnings um skipta búsetu séu ekki lengur fyrir hendi, er hægt að tilkynna sýslumanni um það. Sýslumaður skal leiðbeina báðum foreldrum um áhrif af því að samningur um skipta búsetu fellur niður. Sýslumaður getur líka boðið foreldrum sáttameðferð eða ráðgjöf til að liðsinna foreldrum við að finna það fyrirkomulag sem er barni fyrir bestu.

Sýslumaður getur ekki synjað um að staðfesta að skipt búseta sé fallin niður.

Brostnar forendur fyrir skiptri búsetu gætu t.d. falist í því ágreiningur eða ósætti væri komið upp milli foreldra, búferlaflutningar hefðu orðið þannig fjarlægð milli heimila gerðu skipta búsetu óframkvæmanlega eða að í ljós kæmi að jöfn dvöl barns á heimilium foreldraværi ekki í þágu hagsmuna barns.

Almennar upplýsingar:	
	Samningur um skipta búsetu var staðfestur af sýslumanni dags. Samningur um skipta búsetu var gerður með dómsátt dags.
	Samningur um sameiginlega forsjá er skv. samningi staðfestum af sýslumanni dags. Samningur um sameiginlega forsjá var gerður með dómsátt dags. Sameiginleg forsjá er skv. dómi uppkveðnum, dags.
	Við vorum í hjónabandi / sambúð. Lok hjónabands / sambúðar voru: Við höfum ekki búið saman.

**Upplýsingar frá foreldri um atvik og ástæður þess að óskað er eftir að fella niður skipta búsetu:**

Hverjar eru ástæður þess að þú tilkynnir um að skipt búseta skuli falla niður?

Telur þú að sáttameðferð eða ráðgjöf geti nýst ykkur foreldrunum og barninu?

Eruð þið foreldrarnir sammála um að skipta búsetan skuli falla niður?

Hafa foreldrar rætt um hvernig umgengni og framfærsla verði eftir að skipt búseta er fallin niður?

Aðrar athugasemdir sem óskað er eftir að koma á framfæri:

Gögn og upplýsingar:

Erindi þetta verður kynnt hinu foreldrinu.

Við meðferð málsins þarf sýslumaður að kynna sér gögn fyrri mála hjá sýslumanni / sýslumönnum er kunna að varða barnið / börnin. Einnig er nauðsynlegt að upplýsingar frá Þjóðskrá Íslands um forsjá, lögheimili og búsetu barns liggi fyrir.

Ef sýslumaður telur þörf á að foreldrar leggi fram frekari gögn, mun verða upplýst um það. Sýslumaður getur einnig aflað gagna að eigin frumkvæði ef þörf krefur vegna málsins. Foreldrum mun verða tilkynnt um það ef sýslumaður hyggst afla gagna vegna málsins.

Með erindinu eru lögð fram eftirtalin gögn:Vottorð um forsjá barns/barna, útgefið af Þjóðskrá Íslands. Vottorðið er hægt að panta rafrænt www.skra.is

Annað, tilgreinið skjalið ef við á:

Ég hef kynnt mér þær upplýsingar sem gefnar eru á þessu eyðublaði um skipta búsetu og brottfall hennar.**Með vísan til þess sem er rakið hér að ofan, óska ég eftir að sýslumaður staðfesti að skipta búseta sé fallin niður.****Upplýsingafundur, viðtalstímar.**

Sýslumaður kynna þessa beiðni fyrir hinu foreldrinu og býður foreldrum upplýsingafund.

Tilgreinið hér ef einhver tiltekinn tími hentar vel / illa.

Einnig má taka fram ef foreldrar vilja að viðtal verði í gegnum fjarfundabúnað.

Ef þú hefur sérstakar óskir varðandi tilhögun upplýsingafundar hjá sýslumanni, þá má einnig taka það fram hér.

Ég staðfesti ofangreint með undirskrift minni. Upplýsingar þessar eru gefnar samkvæmt bestu vitund minni.

Staður og dagsetning

Undirskrift:



Skipt búseta barns felld niður

Skipt búseta er samningur foreldra með sameiginlega forsjá barns um að barn hafi fasta búsetu hjá þeim báðum. Barnið er með skráð lögheimili hjá öðru foreldrinu og skráð búsetuheimili hjá hinu foreldrinu. Hér á [vefsíðu sýslumanna](#) eru upplýsingar um skipta búsetu. Lög sem heimila skipta búsetu barns, [lög 28/2021](#) um breytingu á [barnalögum 76/2003](#), taka gildi 1. janúar 2022.

Ef foreldrar eru í vafa hvort skipt búseta sé barni þeirra fyrir bestu, er vakin athygli á ráðgjöf sveitarfélaganna sem er sérstaklega ætluð foreldrum sem ekki búa saman og kallast Samvinna eftir skilnað. Sjá vefsíðuna [www.samvinnaeftirskilnað.is](#). Foreldrar geta einnig haft samband við sýslumenn og óskað leiðbeininga og upplýsinga um skipta búsetu. Sjá nánar um þjónustu sýslumanna á vefsíðunni <https://island.is/s/syslumenn>.

Brottfall samnings um skipta búsetu barns.

Ef annað foreldrið, eða bæði, telja forsendur brostnar fyrir skiptri búsetu, senda þau um það tilkynningu til sýslumanns. Sýslumaður skal leiðbeina þeim báðum um áhrif af brottfalli skiptrar búsetu. Sýslumaður getur einnig boðið foreldrum ráðgjöf eða sáttameðferð. Sýslumaður getur ekki hafnað því að staðfesta brottfall skiptrar búsetu samkvæmt beiðni annars foreldrisins.

Samningur um skipta búsetu fellur úr gildi ef annað foreldri flytur úr landi.

Skipt búseta fellur úr gildi ef annað foreldri höfðar dómsmál á hendur hinu um forsjá eða lögheimili barnsins.

Skipt búseta fellur niður ef foreldrar sem eru skilin að borði og sæng, taka upp sambúð að nýju.

Áhrif þess að skipt búseta fellur niður.

Lögheimili:

Eftir brottfall samnings um skipta búsetu, er barnið áfram með lögheimili hjá því foreldri sem það hefur skráð lögheimili hjá, nema foreldrar séu sammála um annað. Skráning á búsetuheimili í þjóðskrá fellur niður um leið og skipt búseta fellur niður.

Ákvarðanir:

Þegar samningur um skipta búsetu fellur niður, eru foreldrar eftir sem áður með sameiginlega forsjá og lögheimili er hjá öðru foreldrinu. Þá gildir sú regla um ákvarðanir foreldra vegna barns að þeim beri að hafa samráð sín á milli áður en ákvarðanir í málefnum barns eru teknar, en að foreldrið sem er með lögheimili barnsins geti tekið afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins, svo sem um Ef ágreiningur rís um utanlandsferð barns, er hægt að óska úrskurðar sýslumanns.

Framfærsla:

Eftir að skipt búseta hefur fallið niður, þurfa foreldrar að taka afstöðu til framfærslu barns. Báðir foreldrar eru framfærsluskyldir við barn sitt. Fyrri samningar eða aðrar ákvarðanir sem höfðu fallið niður við skipta búsetu, rakna ekki sjálfkrafa við ef skipt búseta fellur niður.

Foreldrar geta samið um að þau framfæri barnið með samkomulagi án þess að meðlag sé greitt.

Foreldrið sem er með lögheimili barns getur farið fram á meðlag frá hinu foreldrinu, eftir að skipt búseta hefur fallið niður. Foreldrar geta gert samning um meðlag, en ef ágreiningur er um meðlag, getur sýslumaður úrskurðað í því ágreiningsmáli.

Umgengi:

Foreldrar þurfa að taka afstöðu til umgengi eftir að skipt búseta fellur niður. Foreldrum ber að tryggja að barn geti umgengnist báða foreldra sína. Fyrri samningar eða aðrar ákvarðanir sem höfðu fallið niður við skipta búsetu, rakna ekki sjálfkrafa við ef skipt búseta fellur niður.

Hægt er að gera saming um umgengi og óska eftir að hann verði staðfestur af sýslumanni. Ef ágreiningur er um umgengina, er hægt að fara fram á að sýslumaður úrskurði um hvernig hún á að vera.

Skipt búseta hefur áhrif á barnabætur og vaxtabætur. Þegar skipt búseta fellur niður breytast því barnabætur og vaxtabætur þannig að þær falla til foreldris sem er með lögheimili barns.

Skipt búseta og brottfall hennar hefur áhrif á stöðu foreldra og barns samkvæmt barnaverndarlögum.

Málsmeðferð sýslumanns.

Sýslumaður boðar foreldra til upplýsingafundar eftir að beiðni hefur verið lögð fram. Gera má ráð fyrir að viðtalið verði tímasett 5-10 dögum eftir móttöku erindisins. Í viðtalinu verður m.a. farið yfir afstöðu beggja foreldra til brottfalls skiptrar búsetu og hvaða breytingar hafi orðið frá því að samningur um skipta búsetu var gerður. Leiðbeint verður um áhrif af brottfalli skiptrar búsetu og skoðað með foreldrum hvort sáttameðferð eða ráðgjöf geti nýst þeim og barni þeirra. Sýslumaður getur ákveðið að bjóða barninu viðtal til að tjá sig um málið eða boðið barninu að tjá sig við sáttameðferð eða ráðgjöf.

Á meðan málið er til meðferðar hjá sýslumanni, geta foreldrar ákveðið að fella það niður, og halda áfram að hafa skipta búsetu.

Eftir upplýsingafund með foreldrum kann sáttameðferð eða ráðgjöf að fara fram, allt eftir því sem ákveðið var á upplýsingafundi með foreldrum. Lok málsins ráðast af niðurstöðu foreldra í sáttameðferð eða ráðgjöf. Staðfesting sýslumanns á að skipt búseta sé fallin niður er gefin út eftir upplýsingafund, eða eftir sáttameðferð eða ráðgjöf, ef hún fer fram. Tilkynning um að skipt búseta sé fallin niður er send til þjóðskrár Íslands.

Rafræn samskipti vegna málsins.

Öll gögn sem verða til við meðferð málsins munu berast foreldrum í pósthólf þeirra hjá [www.island.is](#)

Athugið að stilla aðgang hjá island.is þannig að hnipp berist þegar nýtt skjal er sent í pósthólf.

Staðfesting sýslumanns á að samningur um skipta búsetu sé fallinn niður.

Staðfestingarskjal er sent foreldrum í pósthólf þeirra á [www.island.is](#).

Sýslumaður tilkynnir einnig þjóðskrár Íslands um að skipt búseta sé fallin niður.

Málsmeðferðartími.

Málsmeðferðartími getur verið frá 5-10 dögum, en lengri ef foreldrar vilja þiggja sáttameðferð eða ráðgjöf.